



202. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 27. september 2012 kl. 12:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésón, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, og Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.

1. Ólympísk verkefni

Fyrirhugaður er fundur í október með sérsamböndum ÍSÍ þar sem fjallað verður um ólympísk verkefni ÍSÍ.

Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Forseti skýrði frá því að Helga Steinunn Guðmundsdóttir myndi leiða skipulagsnefnd til að undirbúa Smáþjóðaleikana sem haldnir verða hér á landi dagana 1.-6. júní 2015.

Framkvæmdastjóri mun kalla eftir fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinuk, Reykjavíkurborg og Íþróttabandalagi Reykjavíkur í skipulagsnefndina.

Áætlað er að sendinefnd fari frá ÍSÍ á leikana í Luxemborg á næsta ári til að kynna sér undirbúning Ólympíunefndar Luxemborgar fyrir þá leika.

2. Afmæli ÍSÍ

Örn Andrésón fór yfir stöðu mála varðandi afmælisárið. Verið er að vinna fjárhagslega stöðuskýrslu vegna afmælistengdra viðburða. Ráðstefna er fyrirhuguð í samstarfi við Háskóla Íslands í nóvember nk. Þema ráðstefnunnar verður tengt íþróttum og samfélaginu. Formlegur kvöldverður Formannafundar ÍSÍ 23. nóvember nk. verður tengdur afmælisárinu með einhverjum hætti.

3. Norrænn fundur íþróttasambanda og ólympíunefnda

Rætt um vel heppnaðan fund norrænna íþróttasambanda og ólympíunefnda, sem haldinn var á Hótel Örk í Hveragerði dagana 13.-16. september sl. Í hátíðarkvöldverði sem haldinn var í tengslum við fundinn voru ÍSÍ færðar nokkrar góðar afmælisgjafir frá nokkrum af þeim samböndum sem tóku þátt. Forseti bókaði þakkir til starfsfólks ÍSÍ fyrir góðan undirbúning og framkvæmd fundarins.

Fundurinn verður næst haldinn á Grænlandi í tilefni af 60 ára afmæli GIF.

4. Fjárlög 2013

Lagt fram yfirlit framkvæmdastjóra vegna fjárlagafrumvarps. Forseti fór yfir hugmyndir sínar að samskiptaáætlun í tengslum við vinnslu fjárlagagerðar og stjórnmalavefs í tengslum við alþingiskosningar á næsta ári. Fundarmenn beðnir að koma með hugmyndir og viðbætur í þessa hugmyndavinnu.

5. Laganefnd ÍSÍ – nefndarskipan

Valgarður Sigurðsson hefur sagt sig frá störfum í Laganefnd ÍSÍ vegna heilsubrests. Samþykkt að skipa Arnfríði Einarsdóttur í nefndina í hans stað.

6. Starfsskýrslur ÍSÍ – keppnisbann – úrvinnsla

Skrifstofustjóri lagði fram lista yfir félög sem eru í keppnisbanni vegna vanskila á starfsskýrslu til ÍSÍ. Tölfræðiúrvinnsla er hafin og munu upplýsingar úr þeim skýrslum sem berast eftir þetta ekki birtast í tölfræði ÍSÍ fyrir starfsárið 2011.

7. Íþróttamaður ársins

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins verður haldið 28. desember nk. Verið er að huga að möguleikum á að útvíkka þennan viðburð þannig að fleiri geti verið viðstaddir og hugsanlega brydda upp á nýjungum í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

8. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn 23. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Samþykkt að kanna möguleika á að fá formenn þingflokka á fund með formönnum íþróttahéraða og sérsamböndum fyrr þann dag, til að fara yfir stefnur þingflokka varðandi málefni íþróttahreyfingarinnar.

9. Íþróttaping

Rætt um mögulegar dagsetningar Íþróttapings.

10. Heiðranir

Engar tillögur til heiðrana lágu fyrir fundinum að þessu sinni.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og samþykktar:

- 201. fundur framkvæmdastjórnar
- 13. og 14. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ frá 25. september
- Fundur Laganefndar frá 18. september
- Fundur Lyfjaeftirlitsnefndar frá 21. september

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 25. október og 22. nóvember nk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari